

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1981

28. júlí 1981.

217

Nr. 71.

A U G L Ý S I N G

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinna.

I forsætisráðuneytinu, 28. júlí 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

28. júlí 1981.

Nr. 72.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð
nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 17. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu friðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. l. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands. Háskólaráð ákveður hvenær árleg skrásetning fer fram.

2. gr.

3. mgr. II 88. gr. orðist svo:

Halda skal áfangapróf i greinum 4, 5 og 6 miðuð við námsefni undanfarins árs, eins og það er hverju sinni, þegar gengið er undir próf. Áfangapróf kemur í stað annars þeirra prófa er fyrr getur ef stúdent hlýtur einkunnina 6.0 hið minnsta. Standist stúdent ekki áfangapróf má hann breyla annað áfangapróf eftir reglum 1. málsl. pessarar greinar eða ganga undir 2. hluta próf. Standist stúdent áfangapróf má hann endurtaka það sem hluta af lokaprófi. Áfangapróf eru skrifleg, en heimilt er að leyfa stúdentum, sem innritaðir eru í lagadeild fyrir 1. júlí 1979 að ganga undir

A 28

munnlegt áfangapróf, ef til kemur samþykki umsjónarkennara í kennslugrein og ósk meirihluta stúdenta, sem eiga eftir að ganga undir prófið.

3. gr.

Orðin „15. apríl” í 1. og 2. mgr. III verði: 15. mars.

4. gr.

Orðin „6 ár” í 2. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 8 ár.

5. gr.

Orðin „8 ár” í 3. málsl. 2. mgr. 89. gr. verði: 9 ár.

6. gr.

Á eftir 89. gr. komi eftirsarandi ákvæði til bráðabirgða:

Stúdentum skráðum í lagadeild á árinu 1977 og fyrr, sem þegar hafa þreytt áfangapróf í 2. hluta, en ekki staðist það, er heimilt að þreyta áfangapróf samkvæmt 88. gr. Þessi tilhögun gildir til vorprófa 1982.

7. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. júlí 1981.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Arni Gunnarsson.

A U G L Ý S I N G

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsetisráðuneytinu, 6. ágúst 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.